



ÁRSSKÝRSLA KEILIS 2016

Keilir
bls. 1

Flugakademía
bls. 15

Háskólabrú
bls. 19

Íþróttakademía
bls. 23

Tæknifræði
bls. 26



1

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Í tölum Hagstofunnar kemur m.a. fram að í árslok 2007 voru 12,9% íbúa Reykjanesbæjar, 25 ára og eldri, með háskólamenntun af einhverju tagi. Árið 2016 hafði þessi tala hækkað upp í um 28% eða jafn hátt og landsmeðaltalið er. Þetta eru athyglisverðar tölur – má í raun segja að um nokkurs konar menntabyltingu sé að ræða.

Án nokkurs vafa hefur tilkoma Keilis haft þarna einhver áhrif. Um 3.000 manns hafa lokið námi hjá Keili á þessum tíma af ýmsum brautum. Eitt markmiðanna með stofnun Keilis árið 2007 var að hækka menntastig á Suðurnesjum. Ofangreindar tölur benda til þess að því göfuga markmiði hafi að einhverju leyti verið sinnt.

*Um 3.000 manns
hafa lokið námi hjá
Keili á tíu árum.*

*Keilir veltir um
einum milljarði
króna og um 150
manns koma að
starfinu með ýmsum
hætti.*

*Keilir var valinn
Menntasproti ársins
2017 af Samtökum
atvinnulífsins.*

Annað meginmarkmið Keilis er að vinna með atvinnulífinu. Frá upphafi hefur starf Keilis tekið mið af því. Bæði gildir það um námsbrautir en ekki síður um nýtingu hinnar einstöku rannsóknaraðstöðu okkar. Framsækin fyrirtæki og kraftmiklir nemendur hafa skapað þar verkefni sem skipt hafa sköpum – hvort heldur með framgangi rannsókna, stofnun fyrirtækja um verkefnin eða öðrum hætti.

Og áfram skal haldið. Keilir keypti Fótaaðgerðaskóla Íslands, tekur kröftugan þátt í endurmenntun atvinnubílstjóra, sinnir endurmenntun fyrirtækja og þannig má áfram telja. Keilir er og verður skóli í þágu vísinda, fræða og atvinnulífs.

Hinir nýju kennsluhættir, vendinám, er eitt auðkenna Keilis. Við höfum leitt ýmis verkefni í samstarfi við skóla úr ríkjum Evrópu og þá er okkur sérleg ánægja að vinna með íslenskum skólum á því sviði.

Segja má að við séum bara býsna sátt við þá vegferð sem síðustu 10 ár hafa skilað okkur. Fyrirtækið er að velta um einum milljarði króna og um 150 manns koma að starfinu með ýmsum hætti.

Áhyggjur undirritaðs snúa helst að hinu opinbera. Allt of mikil orka hverfur við að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd. Þannig hefur Keilir nú í þrjú ár barist við að koma á koppinn nýrri gerð stúdentsbrauta, sniðnum að þörfum atvinnulífsins. Og gengur hvorki né rekur í þeim efnum. Tilhneiging „kerfisins“ til að kæfa nýsköpun í þágu óbreytts ástands er átakanleg.



Unnið er að útfærslum á húsnæðismálum vegna kaupa á aðalbyggingu Keilis.

Starfsfólki Keilis eru færðar þakkir fyrir ástríðu og metnað fyrir starfinu.

Húsnæðismál Keilis

Fyrir hefur legið að í byrjun árs 2018 gjaldfellur skuld Keilis við KADECO vegna kaupa á byggingu þeirri er hýsir höfuðstöðvar Keilis. Sú skuld mun vera um 300 milljónir króna. Fyrir liggur að þá fjármuni hefur Keilir ekki og við því þarf að bregðast. Má þar benda á nokkrar leiðir sem unnið er að útfærslu að:

1. Ríkisvaldið greiði Keili fyrir húsaleigu með sambærilegum hætti og er gert við aðra einkaskóla á framhaldsskólastigi.
2. Keilir taki fasteignalán til 30 ára með veði í húsnæðinu. Miðað við þróun fastseignamarkaðar á Ásbrú og staðsetningu eignarinnar hafa verðmæti hennar vaxið til muna og ekki séð annað en sú þróun haldi áfram. Áhætta lánastofnana gagnvart veðböndum í eigninni er því óveruleg.
3. Samningi KADECO og Keilis verði rift, eignin færist aftur til Þróunarfélagsins sem síðan leigi Keili húsnæðið.
4. Keilir selji fasteignafélagi húsnæðið og geri síðan leigusamning.

Starfsmannahald

Á árinu lét Harpa Sævarsdóttir af störfum sem fjármálastjóri. Er henni færðar bestu þakkir fyrir störf sín um leið og nýr fjármálastjóri, Haraldur Jónasson, er boðinn velkominn. Þá sneri Soffía Waag Árnadóttir til nýrra starfa. Er henni sömuleiðis þökkuð frábær störf í þágu Háskólabrúar. Um leið er Berglind Kristjánsdóttir boðin velkomin sem forstöðumaður Háskólabrúar.

Starfsfólki Keilis eru færðar miklar þakkir fyrir starf sem einkennist af ástríðu og metnaði fyrir viðfangsefninu – sem í flestum tilvikum eru nemendur. Þessi eiginleiki er hverju fyrirtæki ómetanlegur. Þá er áhugasömu stjórnarfólki þakkað gott samstarf sem og öllum samstarfsaðilum.

Keilir, tíu ára, er kominn til að vera.

*Hjálmar Árnason,
Framkvæmdastjóri*



MENNTAVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
MENNTASPROTI ÁRSINS
KEILIR

2

BYLTING Á 10 ÁRUM

Um síðustu aldamót ríkti dapurt ástand í menntamálum á Suðurnesjum. Grunnskólarnir okkar voru mældir í hópi þeirra sem minnstum árangri skiluðu og menntastig, háskólamenntun og framhaldsmenntun foreldra, mældist mjög lágt.

Hluti skýringanna, sem er alþjóðleg staðreynd, er að lítill áhugi foreldra á menntun á samsvörun í áhuga barna fyrir menntun. Lítil þörf fyrir framhaldsmenntun á langstærsta vinnustað okkar, Varnarliðinu, dró án efa úr áhuga til menntunar.

Við tókum þá stefnu þegar herinn fór að við skyldum smíða plóggjárn úr sverðunum.

Fjölbreytni menntunar er mikil á Suðurnesjum og á Keilir gríðarlega stóran hlut að máli.

Við lögðum gríðarlega áherslu á betra leik- og grunnskólastarf en okkur vantaði í raun alltaf leið til að standa með foreldrum og hjálpa þeim að styrkja menntastöðu sína.

Þess vegna var mjög mikilvægt að við tókum þá stefnu þegar herinn fór að við skyldum smíða plóggjárn úr sverðunum, með Keili.

En þetta var ekki sjálfsagt – við þurftum að hugsa hvar áherslurnar ættu að liggja og þess vegna var til dæmis Háskólabrú mikilvæg því hún var að brúa þetta bil sem var á milli grunnmenntunar og framhaldsmenntunar margra foreldra.

Á 10 ára afmæli Keilis er gjörbreytt staða. Menntastig í Reykjanesbæ hefur rokið upp og er komið í landsmeðaltal. Fjölbreytni menntunar er mikil. Keilir á þarna gríðarlega stóran hlut að máli. Það hefur ekki gerst af sjálfu sér. Það þurfti öfluga stjórnendur og starfsfólk og við höfum verið einstaklega heppin með þessa blöndu vinsamlegs viðmóts, fólks sem þykir vænt um annað fólk, sem er hugvitssamt og drífandi, stöðugt að velta við steinum og hugsa nýja hluti. Það er Keilir.


Það eru forréttindi að hafa fengið að stofna þetta félag og taka þátt í mótun þess frá upphafi.

*Árni Sigfússon,
Stjórnarformaður*



*Stjórn Keilis
á árinu 2016*

Stjórnarformaður frá upphafi er Árni Sigfússon og er hann fjórði frá vinstri á meðfylgjandi mynd. Aðrir í stjórn Keilis eru frá vinstri: Guðbjörg Kristinsdóttir (Verkalýðs- og sjómannafélagið), Kjartan Eiríksson (Kadeco), Ásgeir Margeirsson (HS orka), Árni Sigfússon, Einar J. Pálsson (Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum), Sæunn Stefánsdóttir (Háskóli Íslands), Halldór Jónsson (Háskóli Íslands) og Hjálmar Árnason (framkvæmdastjóri Keilis). Á myndina vantar Ásdísi Kristinsdóttur (Orkuweitu Reykjavíkur).



3

UM KEILIR

Keilir starfrækir námsbrautir á háskóla- og framhaldsskólastigi. Skólinn hefur það að markmiði að fylla upp í eyður í skólakerfinu og að vera í nánum tengslum við atvinnulífið. Boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu.

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og

almannasamtaka. Námið í Keili skiptist í fjögur sérhæfð megin svið, en innan hvers sviðs er fjölbreytt námsframboð. Sviðin fjögur eru Háskólabró, sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir háskólanám, Flugakademía, sem býður upp á ýmiskonar flugtengt nám, Íþróttakademía, sem veitir ÍAK þjálfararéttindi auk þess að bjóða upp á leiðsögunám í ævintýraferðamennsku og tæknifræði, sem skiptist í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník hátæknifræði.

*Keilir - Miðstöð
vísinda, fræða og
atvinnulífs er alhliða
menntafyrirtæki í
eigu háskóla,
fyrirtækja og
almannasamtaka.*

*Hjá Keili eru
starfræktir fjórir
sérhæfðir skólar:
Háskólabrú,
Flugakademía,
Íþróttakademía og
tæknifræðinám
Háskóla Íslands og
Keilis.*

*Keilir býður uppá
framúrskarandi
umhverfi fyrir
sérhæft og
fjölbreytilegt
námsframboð.*

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins á Ásbrú í Reykjanesbæ. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir er hlutafélag og eru meðal eigenda Háskóli Íslands, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, rannsóknarstofnanir, orku- og fjármálafyrirtæki, sveitarfélög, almenningssamtök, flugfélag og verkalýðsfélög.

Aðstaða og þjónusta

Aðalbygging Keilis er staðsett við Grænásbraut 910 á Ásbrú í Reykjanesbæ og hýsir hún flestar kennslustofur, rannsóknaraðstöðu, stoðþjónustu og skrifstofur. Þar er einnig að finna upplýsingatorg, lesrými, hópvinnuherbergi, kaffistofur og veitingasölu, auk þess sem viðburðir og uppákomur eru reglulega á dagskrá.

Byggingin er opin nemendum frá morgni til kvölds. Kennsla fer einnig fram í Sporthúsinu á Ásbrú (gegnt aðalbyggingunni), við Funatröð þar sem verklegt flugvirkjanám fer fram og í verklegri aðstöðu Flugakademíu Keilis á Keflavíkurflugvelli.

Námsráðgjöf

Hjá Keili starfa öflugir námsráðgjafar sem leggja metnað í að veita nemendum stuðning meðan á námi stendur, með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, úrræði vegna sértækra námsörðugleika, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf ásamt því að efla sjálfsþekkingu nemenda. Nemendum Keilis stendur til boða að sækja ýmiskonar námskeið svo sem hraðlestrarnámskeið, námstækninámskeið og prófkvíðanámskeið.

Upplýsingatorg

Keilir býður upp á upplýsingaþjónustu og námsaðstöðu í svokallaðri *Betri stofu* þar sem nemendur og starfsfólk geta komið saman á notalegum stað til að læra og vinna. Þar fá nemendur alhliða tölvuþjónustu, aðstoð við rafræna heimildaleit og gefst kostur á að fá lánaðar bækur, tengdar fögum sem kennd eru í Keili.

Námsaðstaða

Í Keili er lagður mikill metnaður í að skapa framúrskarandi námsumhverfi fyrir allt nám skólans sem er bæði sérhæft og fjölbreytilegt. Í skólanum eru fyrirlestrasalir og hópvinnuherbergi, fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstaða sem og aðstaða fyrir verklega kennslu í tæknifræði, ný og glæsileg verkleg kennsluaðstaða hjá Flugakademíu Keilis og fullkomlega tækjum búinn kennslusalur fyrir þjálfaranám.

Samgöngur

Góð tenging er við önnur hverfi Reykjanesbæjar með strætó sem gengur samkvæmt áætlun um hverfi bæjarins. Þá eru reglulegar samgöngur milli Ásbrúar og höfuðborgarsvæðisins sem bæði nemendur og starfsfólk nýta sér.



4

KENNSLUSVIÐ

Kennslustjórar eru Anna María Sigurðardóttir og Björk Guðnadóttir. Björk var í fæðingarorlofi árið 2016 og sinnir Fjóla Þórdís Jónsdóttir hennar störfum að mestu sem verkefnastjóri á kennslusviði. Auk þeirra starfa á kennslusviði Skúli Freyr Brynjólfsson náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, Þóra Kristín Snjólfisdóttir náms- og starfsráðgjafi í 50% stöðu sem námsráðgjafi og 50% stöðu sem prófstjóri, Gísli Magnús Torfason þjónustustjóri tölvudeildar sem tók við á vordögum af

Aski Ara Ásgeirssyni, Sigrún Svafa Ólafsdóttir í 70% stöðu sem verkefnastjóri Viskubrunns ásamt því að vera kennsluráðgjafi og Ásdís Ólafsdóttir sem er í 100% stöðu sem verkefnastjóri endurmenntunarnámskeiðs atvinnubílstjóra. Ásdís kom aftur til starfa í september eftir fæðingarorlof. Sigurrós Sigurbergisdóttir starfaði á bókasafni Keilis fram í maí þegar því var lokað og breytt í þjónustutorg. Kennslusvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir kennslusvið fellur

*Kennslusvið er
stoðdeild við þær
deildir sem í boði eru
innan skólans.*

tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, gæðaráð og Viskubrunnur.

Hlutverk

Hlutverk kennslusviðs er m.a. samskipti og skýrslugerðir fyrir menntamálaráðuneytið, menntamálastofnun, Hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur kennslusvið umsjón með handbókum kennara og nemenda, stundatöflugerð, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskriftum og dagskrá skólaárs. Kennslusvið framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundi og sér um að fylgja eftir ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu, stofuskipulag og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis. Þá er hlutverk kennslusviðs einnig tölvuþjónusta fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja, náms- og starfsráðgjöf og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Kennslusvið setur inn allar upplýsingar og heldur utan um nemendabókhaldið í Innu, sér um kennslustuðning við kennara og að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle ásamt því að halda utan um ýmiskonar námskeið sem hýst eru í Viskubrunni. Þá heldur kennslusvið utan um endurmenntun atvinnubílstjóra sem er nýtt verkefni sem hófst haustið 2016.

Tölvuþjónusta

Gísli Magnús Torfason sinnir tölvuþjónustu hjá Keili. Leitast er við að veita nemendum og starfsfólki skólans framúrskarandi aðstoð í tölvumálum og mikil áhersla hefur verið lögð á að kennarar nýti sér upptökuherbergi Keilis til að taka upp fyrirlestra. Gísli er með menntun á sviði hljóðfræði og því geta kennarar nýtt sér hans þekkingu og aðstoð í hljóð- og myndvinnslu við og eftir upptökur.

Skrifstofa tölvuþjónustunnar er í Betri stofunni, en bókasafn Keilis var lagt niður í maí og þjónustutorg sem fékk nafnið Betri stofan kom í staðinn. Betri stofan er nýtt sem vinnurými og samkomustaður nemenda og starfsfólks. Þar geta nemendur og starfsfólk sest við hópavinnuborð eða í sófa til að funda, læra eða eiga góðar stundir saman ásamt því að eiga greiðan aðgang að tölvuþjónustu.

Tölvukerfi

Rekstur þráðlauss nets, eldveggjar og netþjóna voru áfallalaus. Gerðar voru gæðahandbækur og verkferlar ásamt því að öryggisstefna var gerð og samþykkt af framkvæmdastjórn.


Áfram var notast við TechSmith kerfin við upptökur og yfir 7.500 upptökur hafa verið gerðar í kerfunum. Notendur kerfanna eru auk Keilis, viðskiptavinir Keilis svo sem Íslandsbanki, Landsbjörg, Ökuskólinn í Mjódd og Pósturinn. Kerfin samanstanda af upptökubúnaði, afspilunarbúnaði og myndbandsgerðarforriti.

Farið var í að uppfæra allar tölvur í kennslustofum og eru þær eftir uppfærsluna afar öflugar og allar með sama stýrikerfið, Windows 10. Einnig voru fartölvur starfsmanna

*Frá bókasafni yfir í
upplýsingatorg.*

og kennara uppfærðar að miklu leyti og er nú Keilir nánast eingöngu að notast við Windows 10 stýrikerfið.

Fjarfundarkerfið GoToMeeting hefur reynst vel og þægilegt í notkun, það er því áfram notað en hefur tekið nokkrum breytingum til hins betra með uppfærslum sem hafa komið út með reglulegum hætti.



Skjalastjórnunarkerfið One var uppfært í nýja útgáfu sem er mun notendavænna en eldra kerfið.

Kennslukerfið okkar Moodle var orðið mjög stórt og vegna sérforritunar í kerfinu var ekki hægt að uppfæra það. Því var ljóst að eitthvað varð að gera svo Keilir myndi ekki sitja eftir á meðan þróun kennslukerfisins var á mikilli ferð. Ákveðið var að skipta kennslukerfinu upp í nokkur ný kerfi fyrir hvern skóla fyrir sig. Með því móti yrði ekkert eitt kerfi of stórt um sig, hver skóli fengi sitt sérstaka útlit á kennslukerfinu og auðveldara yrði að móta kerfin að skólunum. Nú höfum við fjögur ný kerfi þar sem útgáfa 3.3 af Moodle er í notkun og mun það smátt og smátt leysa af eldra kerfi sem er í gangi í Moodle 2.7. Þessi vinna er ennþá í gangi og gæti liðið fram á næsta vetur þar til gamla kerfið okkar verður lagt niður. Keilir býr þó að því að öll kennslukerfin sem hafa verið notuð frá upphafi eru ennþá keyrandi og virk.

Tölvudeildin hefur kappkostað að þjónusta viðskiptavini okkar eins vel og hægt er á árinu, þar eru Landsbjörg og Íslandsbanki stærst, svo koma fyrirtæki eins og Pósturinn, ÍSÍ og Ökuskólinn í Mjódd.

*Tölvudeild Keilis
þjónustar
viðskiptavini utan
skólans og eru þar
Landsbjörg og
Íslandsbanki stærst.*

Áhersla er lögð á að veita kennurum stuðning í kennslufræðum og tæknimálum.

Í lok október 2016 hafði Keilir útskrifað 2673 nemendur.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda.

Kennslustuðningur

Kennslustuðningur er verkefni sem hefur verið í þróun undanfarin misseri. Sigrún Svafa Ólafsdóttir hefur það hlutverk að veita kennurum stuðning í kennslufræðum og tæknimálum sem tengjast kennslu ásamt því að stuðla að innleiðingu nýrra kennsluhátta. Áhersla hefur verið lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Kennslusviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs. Þetta hefur reynst vel og mikil aukning hefur verið í að kennarar leiti til kennsluráðgjafa.

Útskrifaðir nemendur

Árið 2016 útskrifaði Keilir 298 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 143 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2016. Í lok október 2016 hafði Keilir útskrifað 2673 nemendur.

Háskólabrú - Fjarnám	69
Háskólabrú - Staðnám	74
ÍAK - Einkabjálffarar	54
ÍAK - Styrktarbjálffarar	10
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	38
Flugvirkjanám	22
Tæknifræðinám	13
Ævintýraleiðsögunám	18
Samtals árið 2016	298

Náms- og starfsráðgjöf

Árið 2016 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf. Skúli Freyr Brynjólfsson var í 100% stöðu og Þóra Kristín Snjólfsdóttir var í 50% stöðu á móti sama hlutfalli sem prófstjóri.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni þeirra eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökuferli við allar deildir, þ.á.m. inntökuvíðtölum.

Útfærsla og eftirspurn

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast

Á árinu leituðu rúmlega þrjú hundruð nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni.

ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans. Öll persónuleg viðtöl námsráðgjafa eru skráð niður og flokkuð, annarsvegar í viðtöl við nemendur og hinsvegar í inntökuviðtöl og svör við fyrirspurnum. Heildarfjöldi viðtala árið 2016 var svipaður og undanfarin ár. Um það bil tveir þriðjuhlutar eru viðtöl við nemendur skólans og þriðjungur eru inntökuviðtöl og fyrirspurnir um nám í Keili.

Á árinu 2016 leituðu 313 nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þessir nemendur skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

	Fjöldi 2016	Hlutfall 2016	Hlutfall 2015	Hlutfall 2014
HBR - Staðnám	115	36,7%	37,3%	41,8%
HBR - Fjarnám	116	37,1%	36,7%	32,9%
Tæknifræði	20	6,4%	7,3%	10,2%
Íþróttakademía	18	5,8%	7,9%	5,6%
PPL & ATPL	19	6,1%	1,8%	2,6%
Flugvirkjun	25	8,0%	9,1%	6,9%
Samtals	313			

Nemendur sem hefja nám við Keili fá kynningu á helstu atriðum námstækni, u.þ.b. mánuði eftir að nám hefst.

Frá því að stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafar var aukið upp í 200%, að prófstjórn meðtalinni, hafa ráðgjafar unnið markvisst að því að auka virkni og þjónustu við aðrar deildir en staðnám Háskólabrúar, sem lengi var langstærsti þátturinn í starfi námsráðgjafa. Eins og sjá má í ofangreindri töflu hefur hlutfall einstakra deilda breyst lítillega milli ára, en athygli vekur hve mikið hlutur Flugakademíunnar óx árið 2016.

Námskeið

Allir hópar sem hefja nám við Keili fá kynningu á helstu atriðum námstækni um það bil mánuði eftir að nám hefst. Þessi tilhögun hefur gert það að verkum að nemendur úr öllum deildum leita frekar til námsráðgjafa síðar í náminu. Þessu til viðbótar hafa námsráðgjafar staðið fyrir örnámskeiðum og vinnustofum um valda þætti námstækninnar, sem hafa mælst mjög vel fyrir.

Önnur verkefni

Hafi nemendur grun um námsörðugleika, svo sem lesörðugleika, athyglisbrest, kvíðaröskun og svo framvegis, hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri. Auk þess fór námsráðgjafi í kynningarferðir í skóla á landsbyggðinni.

Á árinu var í fyrsta skipti tekin saman nákvæm tölfræði um lokapróf í Keili.

Nafnið Viskubrunnur er samheiti fyrir námskeiðabanka Keilis.

Sumarskóli Keilis hefur aukið fjölbreytni í sumarnámskeiðum fyrir ungt fólk.

Í nýjum hópum Flugakademiunnar hafa náms- og starfsráðgjafar Keilis oftast en ekki séð um stutt hópefli.

Því miður höfðu námsráðgjafar ekki aðgang að áhugasviðskönnun árið 2016.

Prófstjórn

Árið 2016 sinnti Þóra Kristín Snjólfsdóttir prófstjórn í 50% stöðu á móti sama stöðuhlutfalli sem náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk hennar er að halda utan um öll lokapróf í Keili í öllum deildum. Í því felst að skipuleggja prófdaga í samráði við starfsmenn einstakra deilda, taka saman lista yfir nemendur sem skráðir eru í próf, fjölrita prófin, fá fólk til að sitja yfir prófum, raða í stofur og sjá um framkvæmd prófanna.

Á árinu var í fyrsta skipti tekin saman nákvæm tölfræði um lokapróf í Keili og var heildarfjöldi prófa 482 sem skiptist á 116 daga. Próftökur voru samtals 4.135, en auk þess voru 600 fjarvistir í prófum sem er 12,7% af þeim sem voru skráðir í þau.

Próftökur skiptast svona eftir deildum:

	Fjöldi prófa	Hlutfall	Samtals próftökur	Hlutfall	Meðalfjöldi í prófi
Háskólabrú	81	16,8%	1.796	43,4%	22,2
Íþróttakademía	33	6,8%	567	13,7%	17,2
Tæknifræði	33	6,8%	197	4,8%	6
Flugakademía	335	69,5%	1.575	38,1%	4,7
Samtals	482		4.135		

Viskubrunnur

Nafnið Viskubrunnur er samheiti fyrir námskeiðabanka Keilis, sem samanstendur af netnámskeiðum, netfyrirlesturum og venjulegum styttri og lengri námskeiðum. Undir Viskubrunn fellur allt það nám sem ekki á heima í öðrum skólum og brautum Keilis. Verkefnastjórar Viskubrunns eru Sigrún Svafa Ólafsdóttir og Ásdís Ólafsdóttir.

Helstu námskeið Viskubrunns eru Sumarskóli Keilis, Sterkur grunnur, Flug grunnur, endurmenntun atvinnubílstjóra og netnámskeið í hinum ýmsu greinum framhaldsskóla ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Sumarskóli Keilis hefur bætt fjölbreytnina í sumarnámskeiðaflórunni fyrir ungt fólk. Flugbúðir eru vel heppnað 4 daga námskeið sem var í boði var fyrir unglunga í júní. Starfandi flugkennarar hafa séð um námskeiðin en Viskubrunnur sér um skipulag og samskipti við þátttakendur.

Tækni- og vísindasmiðja er sumarnámskeið haldið í aðstöðu Tæknifræðideildar Keilis í samvinnu við Viskubrunn. Umsjónarmenn námskeiðsins eru ráðnir inn úr

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur í Háskólabrú Keilis.

nemendahópi Tæknifræði Keilis. Mjög vel var látið af námskeiðinu sem stóð yfir í viku og börn á aldrinum 10 – 13 ára undu sér glöð við tilraunir og stuttar vettvangsferðir.

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur á Háskólabrú Keilis. Höfundar námskeiðanna eru í öllum tilfellum kennarar viðeigandi faga á Háskólabrú, og námskeiðið því markvisst sett upp miðað við reynslu kennara á því hvar nemendur skortir helst undirstöðuþekkingu. Undirbúningsnámskeið eru í boði í eftirfarandi fögum:

- Stærðfræði
- Ensku
- Íslensku
- Raunvísindum (efnafræði, eðlisfræði og líffræði saman)
- Líffræði
- Efnafræði
- Eðlisfræði

Flug grunnur er samansafn undirbúningsnámskeiða á netinu fyrir verðandi nemendur í Flugakademíu Keilis. Þar er á sama hátt reynt markvisst að kenna það efni sem nemendur skortir helst í undirbúningi fyrir námið. Flug grunnur býður upp á undirbúningsnámskeið í:

- Ensku fyrir flugmenn
- Ensku fyrir flugvirkja
- Eðlisfræði
- Stærðfræði

Keilir fékk leyfi Samgöngustofu til þess að kenna endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra á árinu.

Viskubrunnur hefur þar að auki komið að uppsetningu netnámskeiða í Fríköfun og Forritun fyrir byrjendur.

Nokkur fyrirtæki eru enn með samning við Viskubrunn um uppsetningu og hýsingu námskeiða til endurmenntunar innan fyrirtækjanna.

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Á haustmánuðum fékk Keilir leyfi Samgöngustofu til þess að kenna endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra. Samkvæmt nýrri reglugerð verða atvinnubílstjórar sem hafa ökuréttindi í flokkum C, C1, D og D1 að sækja endurmenntun á fimm ára fresti.

Helstu verkefni sem tengjast endurmenntun atvinnubílstjóra er að framleiða námsefni í samvinnu við sérfræðinga og svo að halda námskeið fyrir atvinnubílstjóra. Keilir fer einnig um land allt til þess að halda þessi námskeið. Verkefnið hefur farið vel af stað og hafa nokkur fyrirtæki þegar gert samning við Keili og fer þeim fjölgandi.



5

FLUGAKADEMÍA

Uppbyggingarfasí Flugakademíu Keilis heldur áfram en Flugakademían er orðin þekkt og sterkt vörumerki í nafni Keilis. Flugakademían stendur fyrir mikil gæði í flug- og flugvirkjanámi, persónulega þjónustu og góðu starfsfólki, ásamt nýlegum, góðum og traustum hátækniflugvélum.

Rekstrarniðurstaða rekstrarársins 2016 er undir áætlunum en þó nokkuð ásættanleg þegar litið er til ytri aðstæðna og heildarinnar, svo sem breyttra forsenda,

gengismála, nýsköpunarverkefna og ytri aðstæðna sem hafa haft truflandi áhrif á reksturinn.

Vöxtur hefur verið stöðugur að mestu hvað varðar áætlaðan nemendafjölda. Dagleg starfsemi og sú þjónusta sem er verið að veita viðskiptavinum hefur gengið vel, þó að starfsmannavelta sé enn mikil vegna mikilla tækifæra í flugtengdum störfum fyrir ungt fólk sem kemur og fer í og úr störfum hjá okkur í Flugakademíunni.

Flugvélum og MXC flughermi skólans var flogið alls 6.474 klst. á árinu.

Mikill vöxtur á sér enn stað í innlendri og alþjóðlegri flugstarfsemi.

Samtals voru 78 nemendur skráðir í flugvirkjanám í Keili haustið 2016.

Starfsemi Flugakademiunnar og endalaus vöruþróun í leit að betrun og auknum gæðum á námi og þjónustu hefur tekist vel á árinu. Flugvélum og MXC flughermi Flugakademiunnar var flogið alls 6.474 klukkustundir á árinu sem er því miður 4,6% samdráttur á milli ára. Stafar þessi samdráttur aðallega af óviðráðanlegum ytri aðstæðum, svo sem skorti á verklegum flugkennurum og takmörkunum á kennsluflugi á alþjóðaflugvöllum.

Á árinu 2016 átti sér stað samruni dótturfélaga Keilis þar sem Keilir Aviation Academy ehf. og Keilir-FVB ehf. sameinuðust í eitt félag undir merkjum Keilir Aviation Academy ehf. og þar með lauk nýsköpunarferli Keilir-FVB ehf.

Mikill vöxtur á sér enn stað í innlendri og alþjóðlegri flugstarfsemi og vinnur Flugakademiá markvisst að því að vaxa í samræmi við það. Vöxtur í flugtengdum greinum er áætlaður á komandi árum og því mikilvægt að hlúa vel að því markaðsstarfi sem við höfum skapað til þessa. Líkt og undanfarin ár er það gott innlent og erlent markaðsstarf sem hefur skilað okkur þeim fjölda nemenda sem starfsemin byggir á. Flugvirkjanámið byggir enn að mestu á innlendum nemendum en fyrstu erlendu



Í október 2016 voru samtals 187 nemendur skráðir í flugtengt nám hjá Keili.

nemendurnir komu til náms hjá okkur á árinu 2016 og lítum við svo á að það sé upphafið að sókn á erlenda markaði fyrir flugvirkjanám Keilis og AST.

Starfsmenn Flugakademíunnar hafa hafa unnið frábært starf á árinu og haldið áfram sínu góða starfi við að byggja upp Flugakademíuna og þannig tryggt áfram að Flugakademía Keilis sé raunverulegur valkostur þegar kemur að vali á flugtengdu námi.

Samkvæmt skráningu stunduðu 109 nemendur flugnám af einhverju tagi og 78 nemendur flugvirkjanám í októbermánuði 2016. Þetta eru samtals 187 einstaklingar sem hafa ákveðið að treysta Flugakademíu Keilis fyrir menntun sinni. Annar hópur flugvirkjanemenda Keilis Aviation Academy ehf og AST útskrifaðist í lok árs 2016. Ánægjulegt er að segja frá því að 60 flugnemendur í ýmsum greinum útskrifuðust á árinu, er það mesti fjöldi útskrifaðra flugnemenda á einu ári frá upphafi starfsemi Keilis.

60 flugnemendur í ýmsum greinum útskrifuðust á árinu og er það mesti fjöldi á einu ári frá upphafi.



Starfsemi Flugakademíunnar hefur vaxið jafnt og þétt á árinu og hefur verið nokkuð um mannbreytingar á liðnu ári, en í dag státar Flugakademía af 20 föstum starfsmönnum í öllum deildum flugrekstrar. Að auki starfa margir hjá Flugakademíunni í ýmsum hlutastörfum í verktöku, bæði í bók- og verklegri flugkennslu, flugkennaranámi og flugvirkjanámi. Flugakademían rekur sitt eigið viðhaldsverkstæði til viðhalds fyrir flugvélar okkar. Í lok árs 2016 samanstóð flugvélafloti Keilir Aviation Academy ehf af tíu Diamond flugvélum og einum Redbird MCX flughermi.

Um 40% kennslu í flugvirkjanámi er í formi vendináms.

Uppbygging flugvirkjanámsins hefur gengið að óskum og búum við í dag yfir glæsilegri verklegri aðstöðu sem við erum virkilega stolt af og höfum við unnið forvinnu að erlendu samstarfi hvað flugvirkjanám varðar á liðnu ári. Flugakademían tók þátt í Evrópuverkefni síðastliðið sumar sem hefur með að gera þróun á nýjum kennsluháttum í flugvirkjanámi meðal annars í samvinnu við skóla í Litháen og AST í Skotlandi.

Vel hefur gengið að innleiða vendináms kennsluaðferðina í flugvirkjanámið á árinu og má telja að um 40% kennslunnar sé í formi vendináms í dag. Hlutfall kvenna meðal nemenda hefur aukist jafnt og þétt í flugvirkjanáminu og er það okkur mikið ánægjuefni þar sem markaðsátak okkar þar um hefur skilað tilætluðum árangri.



Líkt og undanfarin ár stóð skólinn fyrir sumarnámskeiðum fyrir unglina.

Að venju voru Flugbúðir Keilis, námskeið fyrir unglina, vel sóttar í tvö skipti síðastliðið sumar og verða þær endurteknar næsta sumar.

Tvær stórar gæðaúttektir hjá EASA (European Aviation Safety Authorities) á liðnu ári, bæði hvað varðar flugstarfsemi okkar og flugvirkjanámið, komu mjög vel út í flesta staði.

Samvinnuverkefnið um FLY flugrekstrarkerfið hefur gengið mjög vel og erum við mjög stolt af þessu verkefni. Í dag er FLY kerfið notað af öllum nemendum og starfsmönnum í fluginu.

Starfsfólk Flugakademíunnar hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu á þeirri starfsemi sem við búum yfir í dag og staðið vörð um starfsemina. Ég vil sérstaklega þakka frábæru starfsfólki Keilis og Flugakademíunnar, ásamt öllum fyrrum starfsmönnum okkar sérstaklega fyrir gott starf og þeirra framlag á liðnu ári. Kærar þakkir fá allir þeir nemendur sem hafa ákveðið að treysta Flugakademíu Keilis fyrir námi sínu.



6

HÁSKÓLABRÚ

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs aðfaranám sem undirbýr nemendur markvisst undir háskólanám. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla héraðs og erlendis. Háskólabrú er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi.

Meðalaldur nemendahópsins árið 2016 var 29 ár og um 40% nemendahópsins í staðnámi með búsetu á Suðurnesjum en um fjórðungur nemenda í fjarnámi. Þá eykst sá fjöldi á hverju ári sem stundar fjarnámið erlendis frá.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 70 framhaldsskólaeiningar og þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti sex einingum í stærðfræði,

Meðalaldur á Háskólabrú er 29 ár og eru um 40% í staðnámi með búsetu á Suðurnesjum.

Haustið 2016 hófu um 60 nemendur staðnám á Ásbrú en í janúar 2016 hófu um 100 nemendur fjarnám.

Fjarnámskennslan er í stöðugri þróun og unnið er að því á hverju ári að bæta námið og fyrirkomulagið.

íslensku og ensku. Í upphafi náms eru tekin inntökuviðtöl við umsækjendur sem er mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Haustið 2016 hófu um 60 nemendur staðnám á Ásbrú en í janúar 2016 hófu um 100 nemendur fjarnám þar af 25 nemendur í fjarnámi með vinnu.

Á Háskólabrú störfuðu 12 starfsmenn árið 2016. Í ágúst tók Berglind Kristjánsdóttir við stöðu forstöðumanns Háskólabrúar af Soffiu Waag Árnadóttur en áður sinnti Berglind stöðu verkefnastjóra.



Aðsókn í fjarnám heldur áfram að aukast

Í janúar 2017 hófu um 100 nýnemar fjarnám á Háskólabrú en um 170 nemendur stunda nú fjarnám og er hluti þeirra nemenda sem tekur námið á lengri tíma stöðugt að aukast.

Fjarnám Háskólabrúar er þess eðlis að nemendur geta stundað námið hvar sem er í heiminum og eru prófastöðvar okkar víðsvegar um heiminn. Algengt er að nemendur okkar hafi búsetu á Norðurlöndunum en einnig hafa nemendur stundað námið víðsvegar um Evrópu og í öðrum heimsálfum, má þar nefna Norður- Ameríku og Asíu.

Fjarnám í fremstu röð

Fjarnámskennslan er í stöðugri þróun og unnið er að því á hverju ári að bæta námið og fyrirkomulagið. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægá. Kennarar og nemendur eru í stöðugum samskiptum meðan á náminu stendur. Tæknin er vissulega nauðsynlegur þáttur í fjarnáminu en auk þess hittast nemendur og kennarar í staðlotum í skólanum. Upphaf hvers áfanga hefst með staðlotu á föstudegi og

Háskólabrú hefur sýnt fram á gildi sitt og hefur aðsókn verið góð frá upphafi.

laugardegi og lýkur með próftöku um sex vikum síðar. Þeir nemendur sem ekki geta mætt á vinnuhelgi taka þátt í gegnum fjarkennslubúnað og eru þannig virkir þátttakendur í umræðum og verkefnavinnu.

Nemendur okkar hafa orð á því á hverju ári hversu framarlega fjarnámið okkar er í samanburði við aðra skóla þar sem þeir hafa stundað nám. Þá upplifa þeir góða og persónulega þjónustu og ná góðum tengslum við aðra nemendur sem þeir upplifðu ekki annars staðar í fjarnámi.

Aðsókn hefur verið góð frá því að boðið var fyrst upp á nám á Háskólabrú og má því segja að námið hafið sýnt fram á gildi sitt. Við buðum áfram upp á tvær námsleiðir í fjarnámi í janúar 2016, fullt fjarnám og fjarnám með vinnu. Í fjarnámi með vinnu stunda nemendur námið í tvö ár í stað eins og því er möguleiki að stunda námið samhliða vinnu.

Vendinám heldur áfram að þróast

Frá árinu 2012 hefur verið lögð áhersla á vendinám (flipped classroom) hjá Háskólabrú Keilis. Lögð er áhersla á verkefnavinnu, að nemendur vinni raunhæf verkefni og einnig er hópavinna stór hluti af vinnu nemenda. Nú erum við að ljúka fimmta skólaárinu með kennsluaðferðum vendináms og hefur verið áhugavert að skoða þróun vendináms á Háskólabrú. Kennarar hafa verið leiðandi í þeirri þróun. Markmið okkar á Háskólabrú er að vera í stöðugri þróun hvað kennslu og kennsluaðferðir varðar. Eins og áður höfum við fylgt því eftir hvernig til hefur tekist með vendinámið bæði meðal nemenda og kennara.

Niðurstöður kannana meðal nemenda, bæði úr rafrænum könnunum og rýnihópum, sýna að það er mikil ánægja hjá nemendum með kennara og kennsluaðferðir á Háskólabrú. Við höfum leitast eftir að styðja við kennara faglega í kennslutækni og kennsluefni. Við munum alltaf leita nýrra leiða til þess að bæta nám og kennslu á Háskólabrú og er þróun vendináms í skólanum einn liður í því.

Samstarf við símenntunarstöðvar - kynningar

Frá því janúar 2009 hafa Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastoða eru einnig MÍMIR-símennt í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastoða árið 2016 og kynntum fyrir þeim Háskólabrú, enda hefur sýnt sig að stór hluti þeirra sækir um nám á Háskólabrú. Þá hafa einnig aðrir hópar komið til okkar til að kynna sér Háskólabrú eins og t.d. Hringsjá sem er náms- og starfsendurhæfingarmiðstöð.

Frá árinu 2012 hefur verið lögð áhersla á vendinám og eru kennarar skólans leiðandi í þeirri þróun.

*Starfsmenn
Háskólabrúar taka
þátt í alþjóðlegum
verkefnum á vegum
Nordplus og
Erasmus+ er varðar
fullorðinsfræðslu og
vandinám.*

*Skólaárið 2016
útskrifuðum við 143
nemendur af
Háskólabrú úr stað-
og fjarnámi og
höfum því útskrifað
1421 nemendur frá
upphafi skólans.*

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Háskólabrúar Keilis hafa tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum líkt og Nordplus og Erasmus+ er varða fullorðinsfræðslu og vandinám. Í október komu fjórir kennarar frá VUC Lyngby í Danmörku í vikuheimsókn í tengslum við Nordplus Adult 2016 samstarfsverkefni. Þeirra markmið var að kynna sér fjarnám fullorðinna á netinu og höfðu þau samband við okkur til að læra af okkar reynslu. Kennarar á Háskólabrú tóku á móti þeim og reyndu að liðsinna þeim eftir fögum. Í nóvember fór dönskukennari Háskólabrúar í heimsókn til VUC Lyngby og dvaldi þar í heila viku. Þar kynntist hún dönskukennslu á ýmsum þrepum, bæði dönskukennslu fyrir innflytjendur og danskri bókmenntakennslu fyrir dönsk ungmenni. Einnig fékk hún góða innsýn í lesblindudeild skólans og það góða starf sem þar er unnið.



Þá hófst annað Nordplus samstarfsverkefni árið 2016 milli Íslands, Danmerkur, Eistlands og Finnlands er varðar vandinám (flipped learning). Fyrirhugaðar eru vinnustofur tengdar þessu verkefni þann 8. júní 2017. Verkefninu mun ljúka árið 2017 en stefnt er á að halda samstarfinu áfram sem mun leiða til frekari þróunar vandináms á Íslandi og víðar í Evrópu.

Útskrift

Skólaárið 2016 útskrifuðum við 143 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og höfðum þá samtals útskrifað 1.421 nemenda frá stofnun skólans. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur og væntum þess að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám.



7

ÍÞRÓTTAAKADEMÍA

Forstöðumaður Íþróttakademíu Keilis er Arnar Hafsteinsson sem hefur verið við störf síðan í ágúst 2012. Haddý Anna Hafsteinsdóttir er verkefnastjóri þjálfarabrauta ÍAK og Gabriel Côté-Valiquette verkefnastjóri og yfirkennari námsbrautar í ævintýraleiðsögn.

Tíu stundakennarar, þar af tveir erlendir, störfuðu við kennslu í ÍAK þjálfaranámsbrautunum. Um er að ræða

verktaka í hlutastarfi. Þrír erlendir kennarar störfuðu við áfangagerð í NPTC. Sex íslenskir og fimm erlendir kennarar kenndu við námsbraut í ævintýraleiðsögn, allir sem verktakar. TRU sendi þrjá kennara til að kenna í verklegri kennslu ævintýranámsins ásamt því að fara yfir gæðamál námsbrautarinnar samkvæmt samningi milli skólanna.

56 nemendur hófu nám á sameiginlegri grunnönn einka- og styrktarþjálfara.

Vorið 2016 útskrifuðust 54 af einkaþjálfarabraut ÍAK, tíu af námsbraut ÍAK styrktarþjálfara og 18 útskrifuðust af námsbraut í ævintýraleiðsögn í samstarfi Keilis og Thompson Rivers University (TRU). Haustið 2015 fór ÍAK einkaþjálfaranámið af stað í áttunda skiptið og þá hófst ÍAK styrktarþjálfaranámið og leiðsögunám í ævintýraferðamennsku í fjórða sinn.

Skólaárið 2015 - 2016 hófu 56 nemendur nám á sameiginlegri grunnönn einka- og styrktarþjálfara og 22 nemendur í ævintýraleiðsögunámi Keilis-TRU. Þar af voru átta erlendir nemendur í nemendahóp ævintýraleiðsögunáms. Ævintýraleiðsögunámið fór af stað í fjórða sinn og hefur námsbrautin náð að festa sig vel í sessi hér á landi.

Í niðurstöðum eftirfylgnikönnunar ÍAK sem lögð var fyrir 2015 árgang einkaþjálfaranema, kom í ljós að 25% útskrifaðra starfar við einkaþjálfun sem aðalstarf, 50% sem hlutastarf en 25% starfa ekki við fagið. Það eru sömu tölur og í könnun síðasta árs en þó var svarhlutfall ábótavant en rétt tæplega helmingur útskrifaðra tók þátt í könnuninni. Ekki voru sendar út eftirfylgnikannanir fyrir útskrifaða styrktarþjálfara- eða ævintýraleiðsögunemendur.



Haustið 2016 hófu 22 nemendur nám í leiðsögunámi í ævintýraferðamennsku.

Samstarfsaðilar

Deildin er orðin svo gott sem sjálfbær með búnað til verklegrar kennslu en fær ennþá afnot af sjókajökum og flúðasiglingabátum Arctic Adventures á Hvítá, ásamt því að hafa afnot af aðstöðu fyrirtækisins á Drumboddstöðum. Annar góður bakhjarl námsbrautarinnar er verslunin GG Sport sem selur útivistarvörur en eigendur fyrirtækisins hafa stutt deildina dyggilega í uppbyggingu námsins með því að útvega búnað til verklegrar kennslu á bestu kjörum. ÍAK hefur samninga við

Nýtt nám á ensku sem nefnist Nordic Personal Trainer Certificate (NPTC).

Fjöldi umsókna í ævintýraleiðsögn hefur fjölgað milli ára.

ÍAK hefur sótt um gæðavottun hjá samtökunum Europe Active (EA).

líkamsræktarstöðvarnar World Class og Sporthúsið sem veitir nemendum ÍAK frían aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið.

Námskeið

Dietmar Wolf, kennari á styrktarþjálfarabraut ÍAK, hélt eins dags námskeið í kraftlyftingum í desember. Mikil ánægja var með námskeiðið og kölluðu þátttakendur eftir fleiri slíkum námskeiðum í náinni framtíð.

Þróunarstarf

Einkaþjálfaranámsbraut á ensku sem hefur verið í þróun í nokkur misseri, fékk nafnið Nordic Personal Trainer Certification (NPTC) og var byrjað að taka inn nemendur á árinu. Þróun námsbrautarinnar hefur tekið ýmsar beygjur sem von er þegar verið er að byggja nýja hugmynd frá grunni án beinnar fyrirmyndar – en mesta áskorunin er að námsbrautin er að fullu kennd á netinu. Kennsla og námsmat verklegra þátta námsins (líkamsæfinga) krefjast nýrrar nálgunar í kennslu og er það leyst með ítarlegum myndböndum og smáforriti sem gefa nemendum ítarlega sýn á líkamsbeitingu. Námsbrautin er sniðin að erlendum markaði og er alfarið kennd á ensku.

Framtíðarsýn

Eftirspurn eftir námi hjá ÍAK hefur verið svipuð síðustu árin en þó hefur umsóknum í ævintýraleiðsögunámið farið fjölgandi á milli ára. Búast má við að fjöldi umsókna í einkaþjálfaranámið hafi náð jafnvægi og fyrirsjáanlegt að nemendafjöldi verði svipaður í náinni framtíð. Aukinn áhugi er á ÍAK styrktarþjálfaranáminu og má búast við að þar muni nemendum fjölga á komandi árum en merkja má vaxandi áhuga um líkamsþjálfun íþróttafólks á afreksstigi.

Ævintýraleiðsögunámið mun að öllum líkindum stækka hvað mest á komandi árum en auk stigvaxandi fjölgunar umsókna í námið, er stefnt á að bjóða upp á framhaldsnám (diploma) sem verður tvær annir. Sett markmið er að hefja framhaldsnámið haustið 2018.

ÍAK hefur sótt um gæðavottun hjá samtökunum Europe Active (EA) sem halda utan um fagmál og gæðastefnur einkaþjálfunar innan Evrópusambandsins. Vottunarferlið hefur gengið hægt en um haustið var samið við sérfræðing frá Englandi um að taka að sér að koma námsbrautinni í gegn um vottunina og er stefnt á að hún verði í höfn vorið 2017.

Sótt verður um Europe Active gæðavottun fyrir NPTC námsbrautina. Ef af verður, mun það verða í fyrsta sinn sem einkaþjálfaranám sem kennt er að öllu leyti á netinu fær EA gæðavottunina.

Íþróttakademían hefur sett upp nýja námsbraut í fótaaðgerðarfræði. Stefnt er á að taka inn 12 nemendur tvisvar sinnum á ári en námið er í heild þrjár annir.



8

TÆKNIFRÆÐI

Umsóknum í Orku- og umhverfistæknifræði fækkaði annað árið í röð og var tekin ákvörðun um að taka ekki inn nýnema á námsleiðina. Á sama tíma hefur námsleiðin Mekatrónik hátæknifræði styrkst í sessi og haldið nokkuð jöfnum fjölda umsókna milli ára með örlítilli aukningu haustið 2016. Í ljósi þessa var ráðist í endurskoðun á námsleiðinni Orku- og umhverfistæknifræði, nafninu breytt í Iðntæknifræði fyrir efna- og líftækniðnað og námskeið og áherslur felldar að þörfum vaxandi efna- og

líftækniðnaðar á Íslandi. Boðið verður upp á breytta námsleið haustið 2017.

Orkurannsóknir ehf., tenging tæknifræðinámsins við atvinnulíf, hóf rekstur loftgæðamælistöðva í kringum athafnasvæðið í Helguvík. Stöðvarnar skrá sjálfvirk loftgæði og birta í rauntíma á opnu vefsíðunni andvari.is. Orkurannsóknir halda einnig utan um söfnun sýna af ryki, gróðri og jarðvegi sem notuð eru til að greina magn

Árið 2016
útskrifuðust alls 13
nemendur úr
tæknifræðinámi
Háskóla Íslands og
Keilis.

mengandi efna sem geta borist frá kísiliðnaði á svæðinu. Um er að stærsta verkefni sem Orkurannsóknir hafa tekið að sér.

Fimmti útskriftarárgangur tæknifræðináms Keilis

Tvær útskriftir fóru fram á árinu. Föstudaginn 24. júní útskrifuðust 12 nemendur úr fimmta árgangi tæknifræðinámsins auk þess að einn nemandi útskrifaðist 20. október, samtals 13 útskriftarnemar á árinu. Nemendurnir útskrifuðust með BS gráðu í tæknifræði frá Háskóla Íslands og öðluðust um leið réttindi til að sækja um starfsheitið tæknifræðingur til Iðnaðarráðuneytisins.

Nemendurnir unnu metnaðarfull lokaverkefni og luku námi sínu með formlegri framsögn og vörn á verkefnunum sínum. Skarphéðinn Þór Gunnarsson fékk viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, með 8,3 í meðaleinkunn. Viðurkenningar fyrir vel unnin og áhugaverð lokaverkefni hlutu Helgi Valur Gunnarsson og Jón Þór Guðbjörnsson. Gjafir veittu Tæknifræðingafélag Íslands og HS-Orka.

Listi yfir útskriftarnema 2016 og lokaverkefni þeirra:

- **Adam Crompton:** *Feasibility of Enhanced Geothermal Systems in Iceland.*
- **Atli Már Jónsson:** *Kalsíum úr fiskbeinum.*
- **Ellert Þór Arason:** *Snertilaus greiðslustöð fyrir sjálfsala.*
- **Gunnar Páll Halldórsson:** *Energy harvesting with prosthetic feet.*
- **Heimir Sigurgeirsson:** *Package Impact Logger.*
- **Helgi Valur Gunnarsson:** *Pökkunarbúnaður fyrir bláskel.*
- **Hrafn Theódór Þorvaldsson:** *Bottle Labeling Machine.*
- **Jón Bjarki Stefánsson:** *Samanburður á vindtúrbínum; Vestas V112-3.3 MW og Siemens SWT 3.4-108.*
- **Jón Ingi Björnsson:** *Mæling olíunotkunar báta með úthljóðaskynjara.*
- **Jón Þór Guðbjörnsson:** *Miðlægur orkustýribúnaður með gagnaflutningi um raflagnir.*
- **Sara Lind Einarsdóttir:** *Waste Heat Recovery and Utilization at United Silicon Iceland.*
- **Skarphéðinn Þór Gunnarsson:** *Prentplötugerð með CNC stýribúnaði og útfjólubláum geisla.*
- **Sverrir Ágústsson:** *Arsenhreinsun á skiljuvatni frá Hellisheiðarvirkjun með járnsvarfi.*

Samtals lögðu 48
nemendur stund á
tæknifræðinámi
Háskóla Íslands og
Keilis öllum þremur
árum.

Starfsmenn deildarinnar

Í deildinni störfuðu átta fastir kennarar ásamt forstöðumanni og verkefnastjóra. Til viðbótar voru níu stundakennarar í verktöku. Einn fastráðinn kennari fékk árs námsleyfi. Starfsgildum og föstum kennarastöðum var fækkað í ljósi samdráttar. Verkefnastjórastaða var minnkuð um helming og tveir fastráðnir kennarar létu af störfum. Einn nýr sérfræðingur hóf störf, Behnood Rasti, rafmagnsverkfræðingur sem starfaði áður sem nýdoktor og kennari við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild HÍ.

Nám og kennsla

Virikum nemendum yfir öll þrjú árin fækkaði úr 72 skólaárið 2014 - 2015 í 48 skólaárið 2015 - 2016. Áframhaldandi samdráttur varð í umsóknum í Orku- og umhverfistæknifræði og var ákveðið að taka ekki inn nýnema á námsleiðina. Á sama tíma hélt Mekatronics hátæknifræði áfram að sanna sig og eflast, en virkir nýnemar í námsleiðinni voru um 15, sem er aukning frá árinu á undan.




Ný námsleið í Iðntæknifræði fyrir efna- og líftækniíðnað.

Ráðist var í endurskoðun á námsleiðinni Orku- og umhverfistæknifræði. Sérhæfing námsleiðarinnar var gerð markvissari og nafninu breytt til að falla betur að sérhæfingu námsleiðar, hagnýtingu þekkingar og tengingu við atvinnulíf. Niðurstaðan var námsleiðin Iðntæknifræði fyrir efna- og líftækniíðnað, sem er hugsuð sem svar við þörfum atvinnulífsins fyrir starfsmenn sem hafa góða þekkingu á efnafræði, efnaferlum og líftækni ásamt að búa yfir þeirri tækniþekkingu sem þarf til að hanna og reka tilsvarandi framleiðsluferli og verksmiðjubúnað. Námsleiðin undirbýr tæknifræðinga fyrir nýsköpun og störf tengd orkuiðnaði, orkufrekum iðnaði, matvælaíðnaði s.s. fullvinnslu sjávarafurða, afurðum í landbúnaði, líftækniíðnaði, lyfjaiðnaði, efnavinnslu og notkun á umhverfisvænum orkugjöfum. Ennfremur undirbýr námsleiðin nemendur fyrir hönnun, rekstur og viðhald á framleiðslubúnaði í efna- og líftækniíðnaði. Mikil áhersla er á verklega þjálfun í efnarannsóknarstofu og annarri verklegri aðstöðu Keilis sem og verkefni tengd nýsköpun og atvinnulífi.

Orkurannsóknir hafa meðal annars umsjón með mælingum í Helguvík.

Orkurannsóknir ehf. – tenging tæknifræðinnar við atvinnulífið

Áframhaldandi uppgangur var í starfsemi Orkurannsókna. Fyrirtækið Codland ehf nýtti aðstöðu Orkurannsókna og framkvæmdar voru mælingar á jarðvegi á Ásbrúarsvæðinu fyrir þróunarfélagið Kadeco. Orkurannsóknir hafa umsjón með umhverfismælingum í nágrenni athafnasvæðisins í Helguvík samkvæmt samkomulagi við verksmiðjuna United Silicon. Í janúar 2016 voru settar upp þrjár mælistöðvar í nágrenni verksmiðjunnar þar sem fram fara sísmælingar á brennisteinsdíoxíði (SO₂), köfnunarefnisoxíðum (NO_x) og örfínu ryki. Á tveimur mælistöðvunum eru auk þess staðsettar veðurstöðvar sem mæla vindhraða, vindstefnu, hita- og rakastig. Þá eru einnig tekin vikulega bæði ryk- og úrkomusýni. Að auki halda Orkurannsóknir utan um mælingar á þungmálmum í ryki frá Helguvík.



Erlent samstarf

Öflug nemendaskipti milli Keilis og AGH í Póllandi.

Fjórdá árið í röð fengust EEA styrkir fyrir nemenda- og starfsmannaskiptum milli tæknifræðinámsins og AGH tækniháskólans í Kraká í Póllandi. Fjórir skiptinemar frá AGH komu í tæknifræðináms Háskóla Íslands og Keilis og unnu að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við tæknifræðinámið og sérfræðing hjá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR).

Einn nemandi í Orku- og umhverfistæknifræði fór í skiptináms í AGH og öðlaðist á þann hátt ómetanlega reynslu.

Aðilar frá Tækniháskólanum VSB í Ostrava í Tékklandi heimsóttu tæknifræðináms Keilis og að auki bauðst starfsmönnum tæknifræðinámsins að heimsækja og kynnast VSB. VSB býður m.a. upp á nám og aðstöðu sem tengir mjög vel við tæknifræðináms Keilis.

Lagður var grunnur að nemenda- og starfsmannaskiptum milli skólanna. Ferðirnar voru kostaðar af VSB tækniháskólanum og fjármagnaðar með EEA styrk.

Haldið var áfram var með samstarfsverkefni við Cooper Union í New York í Bandaríkjunum um nýtingu affall heitavatns til að hraða plöntuvexti.

Áhersla var lögð á að kynna tæknifræðinámið sem víðast.

Kynningar

Kynningar voru fjölmargar á árinu. Áhersla var lögð á að kynna tæknifræðinámið sem víðast. Tekið var á móti fjölmörgum hópum, allt frá hópum grunnskólakrakka til háskólanema og fyrirtækja. Þá var námið kynnt á Háskóladeginum, hinni árlegu UT messu, Skrúfudegi Tækniskólans og Tæknidegi fjölskyldunnar á Austurlandi. Einnig var farið í fjölda framhaldsskóla um allt land og námið kynnt.

Skrifaðar voru greinar í ýmis blöð og út kom blað útskriftarnema sem var notað við kynningar ásamt öðrum bæklingum.

Styrkt þróunarverkefni

Tvö þróunarverkefni fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Annað verkefnið nefnist „FlutningsVaki“ og gengur út á að hanna og þróa á sjálfvirkan búnað sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun og álagi varningur í flutningi verður fyrir. Verkefnið er unnið í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki sem reiða sig á eða fást við flutning á ýmiskonar varningi.

Hitt verkefnið heitir „Nýting á umframorku með varmageymslu“ og gengur út á að skoða aðferðir til að geyma afgangorku sem fellur til í smávirkjunum. Bæði verkefnin hafa leitt af sér fjölbreytt nemendaverkefni og lokaverkefni unnin af útskriftarnemum.

Annað

Á árinu voru fagfélögin Tæknifræðingafélag Íslands (TFÍ) og Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) sameinuð í eitt félag undir nafni þess síðarnefnda. Fagleg tenging tæknifræðinámsins sem áður var við TFÍ færir til VFÍ.

Sérfræðingar tæknifræðinámsins voru höfundar eða meðhöfundar að samtals sex vísinda- og tæknigreinum sem sendar voru til birtingar í alþjóðlegum ritrýndum ISI vísindaritum. Í öllum tilfellum var tæknifræðinámið Keilis getið sem starfsvettvangs (e. Affiliation: Keilir Institute of Technology). Þetta ber vott um að tæknifræðinámið og starfsemi þess sé að vaxa sem háskólaeining með öfluga þróunar- og rannsóknargetu.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja styrkti tvö verkefni í tæknifræðináminu.
